

30/1/65

Garðar Jónsson.

STARFSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ.  
=====

1964.  
=====

Suðurlandsumdæmi.

## 1. Veður og vöxtur:

Veðrið frá áramótum og til aprílloka, var mjög gott, hægviðri og þokur dag eftir dag, þó gerði stöku sinnum smá frost. Vorið var heldur kallt og hryssinglegt. Sumarið var einnig heldur kalt, þó gerði góðviðriskafli í ágústmánuði. Haustið kom snemma, veturinn fram til áramóta var frosthárður, en töluverður snjór hlífði jörðinni oftast, svo klaki gekk ekki mjög djúpt.

Laufgun á birki í gördum á láglandinu var um 25. maí, en uppi í Þjórsárdal um hálfum mánuði síðar. Vegna kulda hafði birki þó staðið hálf laufgað frá því um miðjan apríl. Lauffall var um 20 september. 22. september fór ég upp í Haukadal, til að safna fræi af birkinu á sáningarsléttunni við sumarbústaðina. Þá voru sumar birkihríslurnar með grænum blöðum og ekkert farið að falla af þeim, aðrar orðnar gular og byrjaðar að fella, en sumar búnar að fella allt lauf. Það getur því verið dálítið vafasamt hvenær á að dagsetja laufgun og lauffall.

29. marz fór ég upp í Þjórsárdal, að gróðursetja lúpínurætur og sá lúpínufræi. Þá voru gamlir lúpínuhnausar farnir að vaxa og sjálfsáð lúpínufræ spírað, síðar komu þó frost sem drápu þessar fræplöntur. Aftur á móti spíraði fræið sem ég sáði mjög vel og voru það mjög fallegar plöntur í haust.

Maðkur var lítill í skógum hér sunnanlands, aftur á móti bar töluvert á lús.

Ársvöxtur var fremur lítill í sumar.

## 2. Starfsfólk:

### Starfsfólk á árinu.

	<u>maí</u>	<u>júní</u>	<u>júlí</u>	<u>ágúst</u>	<u>sept.</u>	<u>okt.</u>	<u>Samt.</u>
<u>Karlar</u>	3	6	6	6	4	22	47
<u>Konur</u>		1	1	1	1	8	12
<u>Samt.</u>	3	7	7	7	5	30	59

Það fólk sem var í október vann aðeins í tvo daga við fræsöfnun í Bæjarstaðaskógi.

Allar kaupgreiðslur hjá Skógrækt ríkisins, fyrir utan fræsöfnunina námu Kr. 190.529,97. Greitt til fólks búsettu í Árnessýslu Kr. 84.070,- til fólks úr Rangárvallasýslu Kr. 58.787,44 og til fólks úr Reykjavík Kr. 47.672,37. Tryggingarskildar vinnuvikur voru 83. Til jafnaðar hafði hver maður Kr. 2295,54 á viku og er það rúmum Kr. 200,00 meira á viku en s.l. ár. Kaupgreiðslur einstaka mánuði urðu þannig, marz Kr. 1225,72, maí Kr. 12.941,55, júní Kr. 56.481,28, júlí Kr. 61.033,48 ágúst Kr. 36.556,79 og september Kr. 22.291,15. Í ágústmánuði sá ég um girðingu fyrir Skógræktarfélag Rangæinga að Hamragörðum, en kaupgreiðslur fyrir það urðu Kr. 32.619,99.

## 3. Girðingar:

19 maí var farið upp í Þjórsárdal til að gera við girðinguna. Eins og að undanfögnu var byrjað á að setja niður í árnar og lagfæra girðinguna að framanverðu, en síðan haldið inn dalinn og endað við Þjórsá inn við Sandafell. Viðhald Þjórsárdalsgirðingarinnar er alltaf nokkuð mikið og má reikna með því að það aukist á næstu árum. Girðingin er orðin 27 ára gömul og víða þarf að fara að endurnýja hana. Á nokkrum stöðum liggur hún þannig, að ef að snjó gerir að ráði, brotnar hún niður. Á söndunum fara neðstu strengirnir illa vegna sandsskafrennings. Í sumar stóð til að Vegagerð ríkisins setti ristarlið á veginn undir Bringum, en sökum mikilla framkvæmda á veginum var það ekki hægt í ár,

en verður vonandi gert á næsta ári. Vegna þessa dráttar á að setja ristarlíðið á veginn, varð verulegur kostnaður hjá okkur við eftirlit og smölun í Ásólfstaðalandi í sumar, eða Kr. 18.375,19.

11 október voru girðingarnar teknar úr ánum. Bifreiðunum L.- 233 og X.- 1635 var ekið samt. 1350 km. vegna girðingarviðhalds og jarðýtan vann 31 kl. við ýmsar lagfæringar vegna girðingarinnar. Samanlagður kostnaður vegna viðhalds Þjórsárdalsgirðingar varð Kr. 42.086,52.

Á Þórsmörk var að þessu sinni farið til viðgerðar á girðingunni 2 júní. Farið með allri girðingunni og hún lagfærð. Á Krossáraurum varð að venju að setja hana upp að nýju á 800 m. kafla þar sem föst venja er orðin að taka hana upp á haustin að svo miklu leiti sem Hvanná hefur ekki séð fyrir henni. Mikil ásókn er alltaf hjá bændum undan Eyjafjöllum, sem reka á afrétt, að koma sínu fé inn í girðinguna og brugðu þeir ekki vana sinum í sumar með það. 20 nóvember var farið inneftir og girðingin tekin upp á Krossáraurum, þá hafði Hvanná tekið 400 m. og sópað burt. Kostnaður við eftirlit og smölun í sumar varð Kr. 15.000,00. Bifreiðunum L.-233 og X.-1635, var ekið 1528 km. vegna viðhaldsins, en kostnaður samtals Kr. 31.079,77.

10 júlí var tekið til við girðinguna að Reykjahjáleigu, þar sem frá var horfið í fyrra haust. Lokið var við kaflann sem eftir var frá Reykjafjallsbrún og niður að Garðyrkjuskóla og einnig var girt frá bústað Jónasar Jónssonar og niður í Sundlaugargirðingu. Samtals urðu þetta rúmir 1250 m. Girðingarefni það sama og venjulega er í skógræktargirðingum. Einnig var steypt ristarlíð á veginn heim að Reykjaskóla. Ennþá er smávegis frágangur eftir við girðinguna og eitt gott hlið. Bifreiðarnar óku 2770 km. og jarðýtan vann í 55 kl. við girðingu og hliðið. Kostnaður varð samtals Kr. 96,887,68, en af þessari upphæð fékkst endurgreitt úr ríkissjóði Kr. 45.189,14 vegna ristarlíðsins.

#### 4. Gróðursetning:

##### Gróðursetningar á vegum Skógræktar ríkisins.

Staður	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	Gr.st.
Þjórsárdalur	Rauðgreni	N.Tröndel.	2/3	36.000	H.
"	Lerki	Tyrol	2/3	1.000	H.
"	Fjallapöll	Lawing	2/4	2.000	H.
"	Marþöll	Cordova	3/5	300	H.
Ölvisholt	Stafafura	Skagway	2/2	3.000	V.
Herjólfsdalur Ve.	Rauðgreni	Otteröy	2/2	100	F.
"	Sitkagreni	Seward	2/3	100	F.
"	Bergfura	Pýr.	2/2	100	F.

Þjórsárdalur. Samtals voru gróðursettar þar 39.300 plöntur. Allar þessar plöntur voru sendar frá Hallormsstað. Frágangur á umbúðum var mjög góður, sumt var í plastpokum, en mestur hlutinn pakkaður í striga. Plönturnar komu til Reykjavíkur 8 júní og voru sóttar þangað samdægurs og farið með þær uppeftir og slegið þar niður. Gróðursetning hófst svo 10 júní og lauk 24 s.m. Gróðursett var með bjúgskóflum. Plönturnar voru flestar farnar að vaxa og þær sem voru í plastpokunum voru komnar með gul skot sem flest visnuðu. 30. þús. rauðgreni voru gróðursett í Lambaholti, en 6.þús. Skriðufellsmeginn inn í Hvammsárdal. Pöllin var sett í Lambaholtsgil, en lerkið í framræstu mýrina fyrir austan Skriðufellið. 29. marz var farið með 15 poka af lúpínurótum uppeftir og þeim plantað á tveim stöðum þar, á aurana fyrir austan Rauðukamba og í brekku austan í Reykholti. Undanfarin ár hefur verið sett niður dálítið af lúpínu í Þjórsárdal, nú virðist vera að koma skriður á útbreiðslu hennar, þar sem fyrst var gróðursett. Í haust var farið með plöntur frá Tumastöðum og þeim slegið niður í Þjórsárdal, 6325 rauðgreni 2/4 V.V. Bindal og 5150 stafafurur 2/3 Skagway. Kostnaður við gróðursetningu í Þjórsárdal varð, plöntuverð Kr. 97.688,10, vinna Kr. 38.566,41 og akstur Kr. 7.302,72.

Ölvisholt. Gróðursett var þar 11 júní, plönturnar komu frá Vöglum. Plantað var í eða við plógstrengi í mýrina vestur af brekkunum. Einnig sáði ég þar birki og lúpínufræi.

Gróðursetning hjá Skógræktarfélagunum.

Staður	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	Gr. st.
<u>Skf. Árnesinga.</u>					
Snæfoksstaðir	Stafafura	Skagway	2/2	6000	T.
"	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/3	10000	T.
Hamarinn Hverag.	Stafafura	Skagway	2/2	500	T.
Sandvíkurhr. girð.	Stafafura	Skagway	2/2	250	T.
"	Lerki	Arkang.	2/0	50	T.
"	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/3	10	T.
"	Viðja		2/0	100	T.
"	Sitkagreni	Seward	3/3	300	T.
Gaulverjahr. girð.	Stafafura	Skagway	2/3	300	T.
"	Sitkagreni	Seward	3/3	300	T.
<u>Skf. Rangæinga.</u>					
Tungugirðing	Stafafura	Skagway	2/4	2740	T.
Grjótárgirðing	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/4	60	T.
"	Stafafura	Skagway	2/4	100	T.
Seljaklandsgirð.	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/4	1800	T.
"	Stafafura	Skagway	2/4	600	T.
Seljavallagirð.	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/4	200	T.
"	Stafafura	Skagway	2/4	200	T.
<u>Skf. Mýrdælinga.</u>					
Gjöragirðing	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/4	2225	T.
"	Stafafura	Skagway	2/4	100	T.
Víkurbrekkur	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/4	1275	T.
"	Stafafura	Skagway	2/4	400	T.
<u>Skf. Mörk. Holtsd.</u>					
"	Rauðgreni	V. V. Bindal	2/4	1500	T.
"	Stafafura	Skagway	2/4	100	T.

## 5. Vegagerð:

Lagaður og malborinn var vegurinn frá Ásólfstöðum og inn að vinnuskálunum. Ruddur var spotti frá skálunum og áfram inn Hvamsárdal, aðkallandi er að halda áfram á næsta sumri með þann veg, alveg inn í botn á dalnum, bæði vegna vinnu í skóginum og eins vegna þess að af þessum vegi verður hægt að komast mjög nálægt girðingunni uppi á heiðunum fyrir ofan Ásólfstaði. Kostnaður við vegagerðina í sumar varð þessi, verkamannavinna Kr. 12.152,34 og vinna jarðýtu og bifreiða Kr. 17.899,22, samtals Kr. 30.051,56.

## 6. Byggingar:

Unnið var að lagfæringu á skúr, sem steiptur var upp í fyrra við íbúðarhúsið á Skriðufelli, settur í hann gluggi og hurð o.fl. smávegis. Kostnaðurinn varð samtals Kr. 12.921,60.

## 7. Leiðbeiningar og ferðalög:

2-9 marz sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags og starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1964. 19 marz fór ég með skógræktarstjóra og Hauki Ragnarsyni að Tumastöðum og Múlakoti, til eftirlits og til aðgera áætlun um hvað gera þurfi á þessum stöðum á komandi sumri. 29-30 apríl fórum við Ágúst Árnason á vörubifreiðinni L.-233, upp að Stálpastöðum, tókum þar upp stórar hnausplöntur af rauðgreni, er við síðan fluttum og gróðursettum í Múlakoti, Hlíðarendakoti og víðar.

6-8 maí ferð um Rangárvalla og V.-Skaftafellssýslu ásamt Snorra Sigurðssyni. Mældum fyrir girðingu að Hamragörðum, neðan fjallsbrúnar. Hittum stjórn Skf. Mýrdælinga í Gjögragirðingu og fórum með þeim í Heiðardals og Víkurgirðingu og gerðum áætlun um gróðursetningu sumarsins, og undirbyggjum komu norðmanna síðar um sumarið.

24-26 júlí fór ég austur að Kirkjubæjarklaustri. Aðal erindið var að athuga aðstæður um birkifrætöku þar í brekkunum. Fræ var ekkert, og er það slæmt, því óvíða er jafnfallegt birki og góðar aðstæður

til fræsöfnunar eins og í brekkunum á Kirkjubæjarklaustri. Í leiðinni fór ég og ræddi við Siggeir Björnsson, form. Skógræktarf. Mörk, um móttöku á norðmönnum, sem væntanlegir voru, til gróðursetningar í Holtsdal.

Heimsókn skógræktarfólks frá Noregi. Dagana 5-17. ágúst, var ég með 10 karlmannna flokk, víðsvegar á Suðurlandi, við gróðursetningu og grisjun. Ferðast var á bifreiðinni X.-1635. Gróðursett var hjá Skógræktarf. Rangæinga í Tungugirðingu, Selja~~land~~landsgirðingu og Seljavallagirðingu. Hjá Skógræktarfél. Mýrdælinga í Gjögragirðingu og Víkurbrekkur og hjá Skógræktarfél. Mörk í Holtsdal. Þrjá daga unnu norðmennirnir í Þjórsárdal, við að höggva frá gróðursetningum í Selhöfðum og Gvendarrana. Öll vinnan hjá skógræktarfélögunum svo og plönturnar var ókeypis, ætlað sem skaðabætur vegna skemmdanna á plöntum í hretinu í fyrra. Hvað gróðursett var á hverjum stað, er undir liðnum, gróðursetning hjá skógræktarfélögum.

28-30 ágúst, sat ég aðalfund Skógræktarfélagss Íslands, sem haldinn var að Laugarvatni.

Fræsöfnunarferð fór ég ásamt Ágústi Árnasyni austur í Örfæfi, dagana 23-30 október. Ferð var með flugvél að Fagurhólsmýri. Ragnar Stefánsson, bóndi í Skaftafelli, hafði undirbúið komu okkar, og safnað saman um 30 manns, sem voru með okkur í tvo daga inn í Bæjarstaðaskógi og Hálsinum, í ágætis veðri við fræsöfnun. Næstu daga var ekki eins gott veður, og söfnuðum við þá í heimabrekkum, ásamt tveim mönnum frá Skaftafelli. Fræfall var lítið, sérstaklega í sjálfum Bæjarstaðaskógi. Eftirtekjan varð um 170 kg. og var ég ánægður með það. Kostnaður var um 30. þús. krónur. Ég vil rétt geta þess, að nauðsynlega er þörf á að gera við girðinguna í Bæjarstaðaskógi, og einnig grisja skóginn og jafnvel sára grasrótina, svo að skógurinn geti yngt sig upp.

31. október var ég á sameiginlegum fundi er stjórnir Skógræktarf.



Íslands og skógræktarfélagin á Suðurlandi héldu á Hvolsvelli.

Margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins, til eftirlits og einnig vegna framkvæmda í þeim.

### 8. Ýmislegt:

Ferðafólk. Stöðugt eykst straumur ferðafólks í skóglendi skógræktarinnar. Reynt er eftir efnum og ástæðum, að bæta aðstöðu fólks til dvalar á þessum stöðum, með ýmsu móti. Í Þjórsárdal voru sett upp 4 salerni, nokkrar sorptunnur, höggvið fyrir tjaldstæðum, gerðar gangbrautir og sett upp leiðbeiningarskilti. Þetta virtist bera góðan árangur, því umgengni fólks í skóginum, hefur aldrei verið eins góð og í sumar. Þess skal getið að Félag Ísl. Bifreiðaeigenda og sérleifishafinn í Þjórsárdal Landleiðir, tóku mikinn þátt í öllum framkvæmdum, til aðstöðubætis fyrir ferðafólkið.

Á Þórsmörk var mjög mikill ferðamannastraumur um hverja helgi í sumar, þó sló verzlunarmannahelgin öll met hvað mannfjölda snertir og reikna ég með að komið hafi um þá helgi hátt á 4. þús. manna. Mikill viðbúnaður var til að taka á móti þessum fjölda. 12 lögregluþjónar, læknir, sjúkralið o.fl. Bætt var við 4. salernum og eru þau þá 8. 30 sorptunnum, vatnslögn lagfærð o.fl. til að bæta aðstöðu til dvalar. Umgengni hefur verið mjög slæm á Þórsmörk, undanfarin sumar, en heldur fannst mér það vera í rétta átt í sumar. Kostnaður varð mikill í sumar vegna ferðafólks, og vil ég geta hér þess helsta. Vinna við hreinsun Kr. 30.396,56, salerni Kr.25.626,- vatnslögn Kr.1610,22, læknir,lyf, sjúkralið og akstur Kr.16.088,12, eftirlit, löggæsla, vinna efni og akstur Kr.18.867,63, ýms kostnaður sala á aðgöngumiðum, vinna, akstur o.fl. Kr.19.367,73. Samtals varð kostnaðurinn Kr. 111.956,26. Ráðuneytið gaf heimild til að tekinn væri aðgangseyrir að Þórsmörk um verzlunarmannahelgina, Kr. 30,00 af manni. Fyrir það komu inn Kr. 81.610,00.

## 9. Áætlun næsta árs:

Fyrir utan fasta liði, sem ekki er hægt að komast hjá, tel ég eftirfarandi liði æskilega og mest aðkallandi.

1. Áburðargjöf á plöntur í Þjórsárdal og jafnvel Skarfanesi tel ég æskilega eða jafnvel mjög aðkallandi. Sýnilega er áburðar-skortur á báðum stöðunum, og vafalaust mundu plöntur, sem gróður-settar voru fyrir nokkrum árum taka mikna kipp, og komast almennilega af stað við áburðargjöf. Ég ræði ekki um hversu mikið fjármagn ætti að veita til þessa. Vil aðeins benda á, að, síðan árið 1950 hafa verið gróðursettar á þessum stöðum nálega 382. þús. plöntur.

2. Vegagerð inn Hvamsárdal. Ég tel mjög nauðsynlegt, að vegur sé kominn áður, en framkvæmdir eru hafnar.

3. Vatnslögn í Þórsmörk. Í fyrra var lögð 500 m. löng 1/2" plast-lögn, úr Össugili og niður í Húsadal. Nú kom það á daginn í sumar að þessi lögn er of grönn, svo ekki veitir af 2/3" eða jafnvel 1" lögn, til að flytja það vatn, sem þarf þegar fólk er flest. 1/2" lögnina mundi ég svo færa upp að Snorraríki, því einnig þar er full þörf fyrir vatn, og þar mundi 1/2" lögnin nægja.

Selfossi 31. des. 1964.

